

150. löggjafarþing 2019–2020.

Þingskjal 473 — 217. mál.

Svar

ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um utanlandsferðir á vegum ráðuneytisins.

1. *Hversu margar utanlandsferðir fóru árin 2016–2019:*

- ráðherra,*
- starfsmenn stofnana á málefnaviði ráðherra, sundurliðað eftir stofnunum?*

Utanlandsferðir ráðherra.

2016	2017	2018	2019
8	5	5	4

Ferðir 2019 voru taldar fram til 30. september.

Utanlandsferðir starfsmanna stofnana.

	2016	2017	2018	2019
Ferðamálstofa	15	18	8	10
Hugverkastofa	66	83	75	38
Neytendastofa	37	44	41	30
Nýsköpunarmiðstöð	94	96	99	69
Orkustofnun	83	79	74	74
Samkeppniseftirlitið	27	19	23	16

Ferðir voru 2019 taldar fram til 30. september.

2. *Voru ferðirnar kolefnisjafnaðar?*

Ferðamálstofa gerði samning við Kolvið frá og með 2018 um kolefnisjöfnun ferðalaga innan lands og utan. Nýsköpunarmiðstöð Íslands á trjálund í Heiðmörk sem starfsfólk hefur plantað í trjám í þessum tilgangi. Ekki hefur verið kannað hvort fullt samræmi sé á milli ferða og gróðursetningar. Aðrar stofnanir kolefnisjafna ekki ferðir.

3. *Er til fjarfundabúnaður í ráðuneytinu eða í framangreindum stofnunum og ef svo er, hvar?*

Já, fjarfundabúnaður er til hjá öllum stofnunum.

4. *Hversu margir fundir voru haldnir með fjarfundabúnaði árin 2016–2019 með aðilum í útlöndum?*

	2016	2017	2018	2019
Ferðamálastofa	29	30	50	38
Hugverkastofa	24	44	47	31
Neytendastofa	28	29	31	23
Nýsköpunarmiðstöð	763	976	1078	884
Orkustofnun	60–70	60–70	60–70	60–70
Samkeppniseftirlitið	27	19	23	16

Fjöldi funda hjá Orkustofnun og Samkeppniseftirlitinu er áætlaður. Tölur um fjölda fjarfundu hjá Ferðamálastofu, Hugverkastofu, Neytendastofu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands byggjast á gögnum.